# LAXVEIÐIN 1989

GUÐNI GUÐBERGSSON

apríl 1990 VMST-R/90016

**VEIÐIMÁLASTOFNUN**
Hverfisgötu 116, Pósthólf 5252
125 Reykjavík.

## INNGANGUR

Úrvinnslu veiðiskýrslna fyrir laxveiðina 1989 er nú lokið. Eins og verið hefur sendi Veiðimálastofnun út veiðibækur fyrir veiðitímann og þeim var síðan safnað saman að honum loknum. Í flestum tilfellum bárust bækurnar fljótt en þó var einstaka undantekning sem seinkaði útgáfu heildarsamantektar.

Veiðitími fyrir lax og göngusilung ár hvert er 3 mánuðir á tímabilinu frá 20 maí til 20. september skv. lögum nr:76 frá 1970.

## AÐFERÐIR

Úrvinnsla veiðiskýrslna nú er með svipuðu sniði og verið hefur undanfarin ár (Guðni Guðbergsson og Einar Hannesson 1987; Guðni Guðbergsson 1988; og Guðni Guðbergsson 1989). Úr hverri veiðibók eru tölvuskráðar upplýsingar um veiðitíma, fisktegund, kyn, þyngd, lengd, veiðarfæri og veiðistaði séu þeir númeraðir til auðveldunar skráningar þeirra.

Heildarfjöldi veiddra laxa er lagður saman ásamt heildar- og meðalþunga veiðinnar (Guðni Guðbergsson 1990a). Hér er laxveiðinni skipt í smálaxa og stórlaxa og er átt við að smálax séu þeir laxar sem dvalið hafa eitt ár í sjó en stórlax tvö ár eða lengur (Guðni Guðbergsson 1990b). Þyngdarbilið sem skipting í smálax og stórlax liggur á getur verið breytilegt milli áa og ára. Hér er skiptingin gerð þannig að hængar 8 pund og þyngri eru taldir vera tveggja ár úr sjó en hrygnur 7 pund og þyngri. Skipting sem þessi er góð nálgun við raunverulega skiptingu (Guðni Guðbergsson 1989). Þyngd laxfiska er jafnan gefin upp í pundum en 1 pund er skilgreint sem 500 grömm.

Veiðin í hverjum landshluta er tekin saman fyrir sig og er landshlutaskiptingin sú sama og skipting kjördæma.

Líkt og undanfarið er tekin saman listi valinna áa, yfir tímabilið frá 1974 - 1989. Á því tímabili eru upplýsingar til á tölvutæku formi og einnig að miklu leyti sambærilegar milli ára. Breytingar í veiði lýsa í grófum dráttum breytingum í laxgengd. Auk heildarveiði er reiknuð minnsta veiði á

tímabilinu, mesta veiði og einnig staðalfrávik frá meðaltali. Breytileikastuðull er reiknaður en hann gefur til kynna sveiflur í veiði viðkomandi áa og er sveiflan því minni sem breytileikastuðullinn er lægri (Guðni Guðbergsson 1988).

Upplýsingum um netaveiði er safnað á svipaðan hátt og um stangveiðina nema að þar eru sjaldnast til upplýsingar um einstaka fiska en þess í stað er stuðst við heildarveiðitölur viðkomandi veiðijarða. Á Vesturlandi var upplýsingum safnað af Vesturlandsdeild Veiðimálastofnunar (Sigurður Már Einarsson og Rúnar Ragnarsson 1990) og á Suðurlandi af Suðurlandsdeild Veiðimálastofnunar (Magnús Jóhannsson pers. uppl.).

Líkt og verið hefur eru tölur um fjölda laxa sem endurheimtust úr hafbeit teknar með í þessari skýrslu enda oft erfitt að draga skýr mörk milli hafbeitar og fiskræktar. Samanlagt gefa tölur um endurheimtur úr hafbeit og veiði á náttúrulega framleiddum laxi í íslenskum vatnakerfum hugmynd um fjölda íslenskra laxa í úthafinu. Um endurheimtur í hafbeit er stuðst við skýrslu Jóhanns Arnfinnssonar og Vigfúsar Jóhannssonar (1990) og um skiptingu milli landshluta eru upplýsingar fengnar frá Jóhanni Arnfinnssyni.

## LAXVEIÐIN 1989

Heildarlaxveiði á Íslandi sumarið 1989 samkvæmt veiðiskýrslum var 90.437 laxar sem skiptust þannig að 30.082 laxar veiddust á stöng, 11.738 laxar veiddust í net og 48.617 laxar endurheimtust úr hafbeit (tafla 1). Heildarþungi veiddra laxa samkvæmt veiðiskýrslum var 276,5 tonn sem skiptist þannig að 104,7 tonn veiddust á stöng, 35,7 tonn í net og 136,1 tonn endurheimtust úr hafbeit.

Heildarveiði laxa á árinu 1989 var sú þriðja mesta ef litið er á tímabilið frá 1974 til 1989 (tafla 1, mynd 1) ef hafbeitarlaxar eru teknir með, en fjöldi endurheimtra hafbeitarlaxa var sá næst hæsti frá upphafi.

Samanlagður fjöldi stang- og netveiddra laxa er sá þriðji minnsti ef litið er til sama tímabils en einungis var minni veiði 1982 og 1984 (tafla 2). Stangveiðin 1989 var 18.4% lægri en meðaltal áranna 1974 - 1988 og einungis árin 1980 - 1984 voru lægri. Netaveiðin var 32.8% lægri en meðaltal sömu ára og sú þriðja minnsta á tímabilinu en árin 1982 og 1984 var hún minni.

Stangveiðin

Heildarstangveiðin á Íslandi 1989 var 30.082 laxar og vógu þeir samtals 104.7 tonn. Flestir laxar veiddust á Vesturlandi 10.769 en fæstir á Vestfjörðum 725 (töflur 2-8). Að þunga til var veiðin einnig mest á Vesturlandi 34 tonn en næst mest á Norðurlandi vestra 21.7 tonn.

Flestir laxar veiddust í Laxá í Kjós og Bugðu 2.133 en næst mest í Elliðaánum 1.773 og í þriðja sæti er Laxá í Aðaldal með 1.619 veidda laxa. Ef hliðarár Laxár í Aðaldal, Mýrarkvísl og Reykjadalsá eru teknar með kemst hún í annað sæti með 2.099 laxa. Röð 10 efstu laxveiðiánna er í töflu 3.

Á veiðiskýrslum voru í heild skráðir 17.053 silungar. Samkvæmt veiðiskýrslum veiddist mest af silungi á Norðurlandi eystra (töflur 4-10) og á það bæði við um bleikju og urriða. Alls voru skráðir 10.812 urriðar og 6.241 bleikjur. Af einstökum ám veiddust flestir urriðar á silungasvæði Laxár í Þingeyjarsýslu 4.177 og flestar bleikjur í Skjálfandafljóti 561.

Í flestum landshlutum og í flestum ám er hlutfall smálax á móti stórlaxi nú lágt (töflur 4-10). Af þeim stangveiddu löxum sem voru þyngdarmældir voru 20.366 sem verið höfðu eitt ár í sjó en 9.399 tvö ár eða lengur (tafla 11).

Eitt af því sem einkenndi veiðina 1989 var hve laxinn var smár einkum á það við um smálaxinn en hann var að meðaltali 0.3 pundum (6.6%) léttari en meðaltal áranna 1986-1988 fyrir þær ár sem hafa yfir 500 laxa meðalveiði (tafla 12). Stórlaxinn var 0.3 pundum (2.1%) léttari en meðaltal sömu áa sama tímabil.

Veiðiálag af völdum stangveiði var metið í Elliðaánum 1989 og var það 41% (Þórólfur Antonsson 1990). Líklegt er að stangveiðiálag í íslenskum laxveiðiám sé á bilinu 30 - 80% (Þór Guðjónsson 1986).

Hlutfall eldislaxa í stangveiði var áfram nokkuð hátt í ám við Faxaflóa og var það hæst í Botnsá 47%, 30,1% í Elliðaánum, 27,2% í Leirvogsá og 12,2% í Laxá í Kjós og Bugðu. Hlutfall eldislaxa í öðrum ám var lægra (Sigurður Guðjónsson 1990).

Fjöldi veiddra náttúrulegra laxa í þessum ám er því í raun 1.239 í Elliðaánum, 335 í Leirvogsá, 1.872 í Laxá í Kjós

og Bugðu og 42 í Botnsá. Samanlagður fjöldi veiddra laxa af eldisuppruna í sömu ám er því 972 laxar.

Líkt og gert hefur verið undanfarin ár er gefin veiði valinna áa frá 1974 ásamt reiknuðu meðaltali, minnstu og mestu veiði á tímabilinu, staðalfráviki frá meðaltali og einnig breytileikastuðull en hann gefur til kynna sveiflur í veiði og eru þær minni eftir því sem breytileikastuðullinn er lægri (tafla 13). Á áður nefndu tímabili er það Laxá í Aðaldal sem hefu hæstu meðalveiði eða 2.027 laxa og síðan Þverá og Kjarrá með 1.946 laxa og í þriðja sæti Laxá í Kjós og Bugða með 1.778 laxa.

Breytileikastuðull er að jafnaði lægstur í ám við Faxaflóa og á Vesturlandi (tafla 13), sem gefur til kynna að þar séu sveiflur í laxveiðinni minnstar.

## Netaveiðin

Heildarlaxveiði í net á Íslandi 1989 var 11.738 laxar sem vógu 35,7 tonn. Í net veiddust flestir laxar á Vesturlandi 6.056 þar af veiddust 3.462 í Hvítá í Borgarfirði en 2.594 veiddust í sjávarveiði (Sigurður Már Einarsson og Rúnar Ragnarsson 1990). Á Suðurlandi veiddust 5.387 laxar í net, 2.025 í Ölfusá, 1.477 í Hvítá og 1.885 í Þjórsá (Magnús Jóhannsson pers. uppl.). Netaveiði var mun minni í öðrum landshlutum (tafla 1).

## Hafbeit

Í hafbeit endurheimtust alls 48.617 laxar sem vógu 136.1 tonn. Flestir laxar endurheimtust í hafbeitarstöðvar á Reykjanesi og Vesturlandi (tafla 1). Fjöldi endurheimtra laxa í hafbeit 1989 var sá næst mesti frá upphafi en einungis 1988 endurheimtust fleiri laxar.

# UMRÆÐUR

Stangveiði 1989 var minni en hún var 1988. Toppur var í veiðinni 1988 en áður var toppur í veiði 1978 sem var metveiðiár. Stangveiði og netaveiði fór fremur hægt af stað í upphafi veiðitímanns og hamlaði mikið vatn veiðum framan af veiðitímabilinu. Há vatnsstaða stafaði af miklum snjóalögum og köldu vori. Netaveiðin var hlutfallslega minni en

stangveiðin og er hluta þeirrar skýringar að leita í minnkandi netaveiði, bæði hefur netalögnum fækkað og einnig fjölda netaveiðidaga en þeim fækkaði t.d. um þrjá í Hvítá í Borgarfirði á síðasta sumri (Sigurður Már Einarsson og Rúnar Ragnarsson 1990). Hlutfall hafbeitar hefur farið vaxandi undanfarin ár, einkum á Suðvestur- og Vesturlandi. Útlit er fyrir að sú þróun haldi áfram á næstu árum.

Vegna þeirra eldislaxa sem koma fram í veiði í ám við Faxaflóa verður að taka tillit til þeirra ef nota á veiði til að endurspegla sveiflur í náttúrulegri framleiðslu ánna.

Skráningu silungsveiði er víða ábótavant ekki síst í laxveiðiánum þar sem veiði á silungi er eins konar aukaafurð sem er misvel skráð. Í mörgum tilfellum er skráning á silungi þó með ágætum. Með sívaxandi hópi þeirra sem silungsveiði stunda þarf enn að auka áherslu á að bæta skráningu silungsveiði en það ætti að geta náðst með sameiginlegu átaki Veiðimálastofnunar, veiðiréttareiganda og síðast en ekki síst veiðimanna sjálfra.

Veiðifyrirkomulag það sem viðhaft er í laxveiðiám á Íslandi er í flestum tilfellum í föstum skorðum. Skráning laxveiðinnar er það einnig. Líklegt má telja að ef stofnuð yrðu sérstök félög silungsveiðimanna myndi það flýta fyrir því að skráning silungsveiði kæmist í viðunandi horf.

Athygli vakti að laxinn á síðasta sumri var smærri en verið hefur einkum á það við um smálaxinn. Sú hefð sem hér hefur skapast, að skrá þyngd fiska í pundum gerir samanburð milli ára og áa erfiðan. Full þörf er fyrir að hafa skráningu nákvæmari til að auðvelda slíkan samanburð.

ÞAKKARORÐ

Ingibjörg Rannveig Kristjánsdóttir tölvuskráði laxveiðina 1989. Sigurður Már Einarsson og Rúnar Ragnarsson söfnuðu netaveiðiskýrslum á Vesturlandi og Magnús Jóhannsson á Suðurlandi. Elvar Hallfreðsson aðstoðaði við gerð taflna og Sumarliði Óskarsson var innan handar við tölvuvinnslu.

Ofantöldum aðilum kann ég bestu þakkir og síðast en ekki síst hinum fjölmörgu veiðiréttareigendum, leigutökum og veiðimönnum sem önnuðust skráningu veiðinnar.

HEIMILDIR

Guðni Guðbergsson og Einar Hannesson 1987. Laxveiðin 1986. VMST-R/87014.

Guðni Guðbergsson 1988. Laxveiðin 1987. VMST-R/88026.

Guðni Guðbergsson 1989. Laxveiðin 1988 VMST-R/89019.

Guðni Guðbergsson 1990a. Skipting laxveiðinnar 1989. Samantekt. VMST-R/90007X.

Guðni Guðbergsson 1990b. Þyngdardreifing laxveiðinnar 1989. Samantekt. VMST-R/90006X.

Jóhann Arnfinnsson og Vigfús Jóhannsson 1990. Framleiðsla í íslensku fiskeldi árið 1989. VMST-R/90015.

Sigurður Már Einarsson og Rúnar Ragnarsson 1990. Lax- og silungsveiði í net á Vesturlandi 1989. VMST-V/90001.

Sigurður Guðjónsson 1990. Occurence of farmed salmon in natural salmon rivers in Iceland. VMST-R/90011.

Þór Guðjónsson 1986. Exploitation of Atlantic Salmon in Iceland. Í Atlantic Salmon: Planning for the future; ritstj. Derik Mills og David Piggins.

Þórólfur Antonsson 1990. Rannsóknir á fiskstofnum vatnasviðs Elliðaánna 1989. VMST-R/90012.




Mynd 1. Laxveiði á Íslandi 1974 - 1989, skipt í heildarveiði, stangveiði, netaveiði og hafbeit.

Tafla 1. Heildarfjöldi og heildarþyngd veiddra laxa á Íslandi 1988, skipt eftir veiðiaðferðum og landshlutum (kjördæmum).

| LANDSHLUTI | STANGVEIDI | | NETAVEIDI | | HAFBEIT | | SAMTALS | | %af | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | fjöldi | þyngd | fjöldi | þyngd | fjöldi | þyngd | fjöldi | þyngd | fjölda | þyngd |
| Reykjanes | 5015 | 26616 | | | 35052 | 196291 | 40067 | 222907 | 44,3 | 40,3 |
| Vesturland | 10769 | 68003 | 6056 | 34228 | 9423 | 52769 | 26248 | 155000 | 29,0 | 28,0 |
| Vestfirðir | 725 | 5453 | | | 55 | 308 | 780 | 5761 | 0,9 | 1,0 |
| Norðurland vestra | 5128 | 43555 | 125 | 900 | | | 5253 | 44455 | 5,8 | 8,0 |
| Norðurland eystra | 4014 | 33336 | 111 | 822 | 4087 | 22887 | 8212 | 57045 | 9,1 | 10,3 |
| Austurland | 2319 | 16906 | 59 | 440 | | | 2378 | 17346 | 2,6 | 3,1 |
| Suðurland | 2112 | 15612 | 5387 | 35052 | | | 7499 | 50664 | 8,3 | 9,1 |
| samtals: | 30082 | 209481 | 11738 | 71442 | 48617 | 272255 | 90437 | 553178 | 100,0 | 100,0 |
| Samtals þyngd kg | | 104741 | | 35721 | | 136128 | | 276589 | | |

Tafla 2. Heildarfjöldi veiddra laxa á Íslandi 1974 - 1989 skipt eftir veiðiaðferðum. Reiknað er hlutfall náttúrulega framleiddra laxa af heildarveiðinni.

| AR | STANGVEIÐI | NETAVEIÐI | HAFBEIT | HEILDARV | NATTVEIÐI | NATT AF AF HEILD |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1974 | 34107 | 18044 | 3765 | 55916 | 52151 | 93,27 |
| 1975 | 45882 | 20402 | 7720 | 74004 | 66284 | 89,57 |
| 1976 | 39249 | 17130 | 3247 | 59626 | 56379 | 94,55 |
| 1977 | 41302 | 20864 | 2405 | 64571 | 62166 | 96,28 |
| 1978 | 52679 | 25946 | 1953 | 80578 | 78625 | 97,58 |
| 1979 | 43955 | 18306 | 1967 | 64228 | 62261 | 96,94 |
| 1980 | 30007 | 18992 | 3138 | 52137 | 48999 | 93,98 |
| 1981 | 27777 | 14478 | 4626 | 46881 | 42255 | 90,13 |
| 1982 | 24671 | 11107 | 5340 | 41118 | 35778 | 87,01 |
| 1983 | 29267 | 17761 | 11194 | 58222 | 47028 | 80,77 |
| 1984 | 23582 | 10912 | 6595 | 41089 | 34494 | 83,95 |
| 1985 | 31621 | 14942 | 19750 | 66313 | 46563 | 70,22 |
| 1986 | 46671 | 20437 | 24100 | 91208 | 67108 | 73,58 |
| 1987 | 33907 | 13960 | 14140 | 62007 | 47867 | 77,20 |
| 1988 | 47979 | 18781 | 64017 | 130777 | 66760 | 51,05 |
| 1989 | 30082 | 11738 | 48617 | 90418 | 41820 | 46,23 |
| MEÐALTAL 1974-1988 | 36844 | 17471 | 11597 | 65912 | 54315 | 82,41 |
| MEÐALTAL 1974-1989 | 36421 | 17113 | 13911 | 67443 | 53532 | 79,37 |

**Tafla 3.** Tíu aflahæstu laxveiðiárnar 1989.

| | Nafn ár | fjöldi veiddra laxa |
|---|---|---|
| 1. | Laxá í Kjós og Bugða | 2133 |
| 2. | Elliðaár | 1773 |
| 3. | Laxá í Aðaldal | 1619 |
| 4. | Þverá og Kjarrá | 1327 |
| 5. | Grímsá og Tunguá | 1200 |
| 6. | Laxá í Leirársveit | 1186 |
| 7. | Miðfjarðará | 1175 |
| 8. | Laxá í Dölum | 1006 |
| 9. | Víðidalsá og Fitjá | 924 |
| 10. | Selá í Vopnafirði | 895 |

**Tafla 4.** Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga í ám á Reykjanesi (Reykjaneskjördæmi) 1989. (Þyngd er í pundum, 1 pund = 500 grömm).

| Nafn ár | fjöldi laxa | þyngd laxa | heildar meðalþ. | fjöldi smálax | meðalþ. smálax | fjöldi stórlax | meðalþ. stórlax | fjöldi ánþyng | fjöldi urriða | fjöldi bleikja | hlutfall smálax/ stórlax |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Elliðaár | 1773 | 7693 | 4,34 | 1705 | 4,1 | 67 | 9,9 | 1 | 0 | 0 | 25,4 : 1 |
| Úlfarsá | 440 | 1944 | 4,42 | 421 | 4,2 | 19 | 10,3 | 0 | 51 | 0 | 22,2 : 1 |
| Leirvogsá | 458 | 2136 | 4,66 | 391 | 3,8 | 65 | 10,1 | 2 | 18 | 2 | 6,0 : 1 |
| Kiðafellsá | 13 | 106 | 8,15 | 8 | 5,0 | 5 | 13,2 | 0 | 9 | 0 | 1,6 : 1 |
| Laxá í Kjós | 1819 | 12030 | 6,61 | 1352 | 5,2 | 467 | 10,8 | 0 | 14 | 3 | 2,9 : 1 |
| Bugða | 314 | 1823 | 5,81 | 281 | 5,2 | 33 | 11,3 | 0 | 10 | 2 | 8,5 : 1 |
| Brynjudalsá | 118 | 492 | 4,17 | 109 | 3,7 | 9 | 10,0 | 0 | 5 | 1 | 12,1 : 1 |
| Botnsá | 80 | 392 | 4,90 | 66 | 4,0 | 14 | 9,2 | 0 | 6 | 0 | 4,7 : 1 |
| Reykjanes samtals | 5015 | 26616 | 5,31 | 4333 | | 679 | | 3 | 113 | 8 | 6,4 : 1 |

**Tafla 5.** Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga í ám á Vesturlandi 1989. (Þyngd er í pundum, 1 pund = 500 grömm).

| Nafn ár | fjöldi laxa | þyngd laxa | heildar meðalþ. | fjöldi smálax | meðalþ. smálax | fjöldi stórlax | meðalþ. stórlax | fjöldi ánþyng | fjöldi urriða | fjöldi bleikja | hlutfall smálax/ stórlax |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Selós og Þverá | 55 | 332 | 6,04 | 45 | 5,4 | 8 | 9,5 | 2 | 3 | 7 | 5,6 : 1 |
| Eyrar-.Geitavb.Selós | 11 | 51 | 4,64 | 11 | 4,6 | 0 | 0,0 | 0 | 0 | 0 | : 1 |
| Laxá í Leirársveit | 1186 | 6571 | 5,54 | 977 | 4,4 | 208 | 10,7 | 1 | 194 | 7 | 4,7 : 1 |
| Leirá í Leirársveit | 60 | 282 | 4,70 | 58 | 4,5 | 2 | 9,3 | 0 | 27 | 0 | 29,0 : 1 |
| Andakílsá | 122 | 677 | 5,55 | 113 | 5,2 | 8 | 10,1 | 0 | 1 | 284 | 14,1 : 1 |
| Hvítá í Borgarfirði | 301 | 1780 | 5,91 | 247 | 4,7 | 53 | 11,7 | 1 | 99 | 15 | 4,7 : 1 |
| Grímsá og Tunguá | 1200 | 7104 | 5,92 | 998 | 4,9 | 198 | 11,4 | 4 | 49 | 2 | 5,0 : 1 |
| Þverá og Kjarrá | 1327 | 9182 | 6,92 | 937 | 5,0 | 390 | 11,5 | 0 | 36 | 111 | 2,4 : 1 |
| Flókadalsá | 182 | 858 | 4,71 | 171 | 4,4 | 10 | 10,6 | 1 | 10 | 0 | 17,1 : 1 |
| Reykjadalsá | 75 | 457 | 6,09 | 63 | 5,3 | 11 | 10,6 | 1 | 19 | 1 | 5,7 : 1 |
| Norðurá | 867 | 5200 | 6,00 | 632 | 4,4 | 234 | 10,2 | 0 | 20 | 6 | 2,7 : 1 |
| Gljúfurá | 133 | 618 | 4,65 | 126 | 4,3 | 7 | 10,1 | 0 | 41 | 0 | 18,0 : 1 |
| Langá | 748 | 4095 | 5,47 | 629 | 4,6 | 115 | 10,3 | 4 | 3 | 16 | 5,5 : 1 |
| Urriðaá | 63 | 303 | 4,81 | 61 | 4,7 | 2 | 9,0 | 0 | 57 | 15 | 30,5 : 1 |
| Hítará | 225 | 1419 | 6,31 | 183 | 5,2 | 38 | 11,8 | 4 | 14 | 132 | 4,8 : 1 |
| Haffjarðará | 661 | 4337 | 6,56 | 509 | 5,2 | 142 | 11,5 | 10 | 8 | 2 | 3,6 : 1 |
| Núpá | 14 | 67 | 4,79 | 10 | 4,0 | 1 | 13,0 | 3 | 6 | 23 | 10,0 : 1 |
| Straumfjarðará | 300 | 1981 | 6,60 | 227 | 5,0 | 73 | 11,6 | 0 | 0 | 0 | 3,1 : 1 |
| Laxá í Miklaholtshr | 37 | 303 | 8,20 | 20 | 5,5 | 17 | 11,4 | 0 | 15 | 65 | 1,2 : 1 |
| Lýsa | 126 | 888 | 7,05 | 70 | 5,4 | 40 | 10,0 | 16 | 22 | 48 | 1,8 : 1 |
| Álftá | 283 | 1933 | 6,83 | 214 | 5,4 | 68 | 11,3 | 0 | 57 | 2 | 3,1 : 1 |
| Fróðá | 51 | 281 | 5,51 | 43 | 4,8 | 8 | 9,5 | 0 | 2 | 27 | 5,4 : 1 |
| Setbergsá | 134 | 770 | 5,75 | 103 | 4,5 | 31 | 9,9 | 0 | 7 | 0 | 3,3 : 1 |
| Laxá á Skógarströnd | 103 | 594 | 5,77 | 87 | 4,7 | 16 | 11,2 | 0 | 0 | 0 | 5,4 : 1 |
| Dunká | 71 | 492 | 6,93 | 42 | 4,5 | 29 | 10,4 | 0 | 0 | 3 | 1,4 : 1 |
| Hörðudalsá | 78 | 481 | 6,17 | 57 | 4,5 | 20 | 11,1 | 1 | 5 | 231 | 2,9 : 1 |
| Skrauma á Skógarstr. | 9 | 52 | 5,78 | 5 | 4,3 | 4 | 7,6 | 0 | 1 | 0 | 1,3 : 1 |
| Miðá og Tunguá | 118 | 721 | 6,11 | 88 | 4,5 | 30 | 10,8 | 0 | 0 | 70 | 2,9 : 1 |
| Haukadalsá neðri | 511 | 3684 | 7,21 | 254 | 4,3 | 255 | 10,2 | 2 | 1 | 21 | 1,0 : 1 |
| Haukadalsá efri | 6 | 47 | 7,83 | 2 | 3,0 | 4 | 10,3 | 0 | 0 | 14 | 0,5 : 1 |
| Laxá í Dölum | 1006 | 7783 | 7,74 | 622 | 5,0 | 382 | 12,1 | 2 | 7 | 11 | 1,6 : 1 |
| Fáskrúð | 203 | 1230 | 6,06 | 147 | 4,4 | 56 | 10,4 | 0 | 0 | 3 | 2,6 : 1 |
| Glerá | 20 | 162 | 8,10 | 10 | 5,2 | 10 | 11,1 | 0 | 1 | 4 | 1,0 : 1 |
| Flekkudalsá | 140 | 1003 | 7,16 | 78 | 4,3 | 61 | 10,9 | 1 | 7 | 9 | 1,3 : 1 |
| Krossá | 99 | 640 | 6,46 | 60 | 4,0 | 39 | 10,3 | 1 | 13 | 8 | 1,5 : 1 |
| Búðardalsá | 81 | 469 | 5,79 | 53 | 4,8 | 20 | 10,9 | 8 | 0 | 0 | 2,7 : 1 |
| Staðarhólsá og Hvols | 163 | 1156 | 7,09 | 103 | 4,6 | 60 | 11,3 | 0 | 3 | 338 | 1,7 : 1 |
| Vesturland samtals | 10769 | 68003 | 6,3 | 8055 | | 2650 | | 62 | 728 | 1475 | 3,0 : 1 |

Tafla 6. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga í ám á Vestfjörðum 1989. (Þyngd er í pundum, 1 pund = 500 grömm).

| Nafn ár | fjöldi laxa | þyngd laxa | heildar meðalþ. | fjöldi smálax | meðalþ. smálax | fjöldi stórlax | meðalþ. stórlax | fjöldi ánþyng | fjöldi urriða | fjöldi bleikja | hlutfall smálax/ stórlax |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjarðarhornsá | 4 | 26 | 6,50 | 3 | 5 | 1 | 11 | 0 | 1 | 306 | 3,0 :1 |
| Suðurfossá | 37 | 206 | 5,57 | 29 | 4,4 | 8 | 10 | 0 | 0 | 0 | 3,6 :1 |
| Hvannadalsá | 23 | 200 | 8,70 | 14 | 5,4 | 9 | 11,3 | 0 | 0 | 5 | 1,6 :1 |
| Langadalsá | 130 | 929 | 7,15 | 77 | 4,7 | 53 | 10,7 | 0 | 0 | 47 | 1,5 :1 |
| Laugardalsá | 280 | 2039 | 7,28 | 190 | 5,4 | 83 | 11,6 | 7 | 16 | 4 | 2,3 :1 |
| Ísafjarðará | 16 | 118 | 7,38 | 10 | 5,6 | 6 | 10,4 | 0 | 0 | 0 | 1,7 :1 |
| Bjarnarfjarðará | 2 | 14 | 7,00 | 1 | | 1 | | 0 | 3 | 301 | 1,0 :1 |
| Staðará í Stingr. | 62 | 443 | 7,15 | 37 | 5,2 | 25 | 10,1 | 0 | 0 | 13 | 1,5 :1 |
| Hrófá | 41 | 387 | 9,44 | 16 | 5,7 | 25 | 11,8 | 0 | 0 | 30 | 0,6 :1 |
| Krossá | 79 | 685 | 8,67 | 30 | 4,2 | 49 | 11,4 | 0 | 0 | 0 | 0,6 :1 |
| Víkurá | 40 | 318 | 7,95 | 18 | 4,9 | 22 | 10,5 | 0 | 0 | 4 | 0,8 :1 |
| Laxá í Hrútafirði | 11 | 88 | 8,00 | 4 | 3,8 | 7 | 10,4 | 0 | 0 | 0 | 0,6 :1 |
| Samtals Vestfirðir | 725 | 5453 | 7,5 | 429 | | 289 | | 7 | 20 | 710 | 1,5 :1 |

Tafla 7. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga í ám á Norðurlandi vestra 1989. (Þyngd er í pundum, 1 pund = 500 grömm).

| Nafn ár | fjöldi laxa | þyngd laxa | heildar meðalþ. | fjöldi smálax | meðalþ. smálax | fjöldi stórlax | meðalþ. stórlax | fjöldi ánþyng | fjöldi urriða | fjöldi bleikja | hlutfall smálax/ stórlax |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hrútafjarðr og Síká | 252 | 2134 | 8,47 | 118 | 5,0 | 134 | 11,6 | 0 | 0 | 68 | 0,9 : 1 |
| Tjarnará V-Hún | 40 | 213 | 5,33 | 32 | 3,9 | 8 | 11,0 | 0 | 2 | 32 | 4,0 : 1 |
| Miðfjarðará | 1175 | 10225 | 8,70 | 473 | 5,2 | 696 | 11,1 | 6 | 7 | 89 | 0,7 : 1 |
| Víðidalsá og Fitjá | 924 | 9550 | 10,34 | 290 | 5,3 | 615 | 12,7 | 17 | 26 | 26 | 0,5 : 1 |
| Vatnsdalsá | 660 | 6357 | 9,63 | 301 | 5,3 | 355 | 13,3 | 4 | 245 | 270 | 0,8 : 1 |
| Gljá | 6 | 30 | 5,00 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 6 | 0 | 0 | 0,0 : 1 |
| Laxá á Ásum | 749 | 4680 | 6,25 | 602 | 5,0 | 135 | 11,7 | 12 | 18 | 1 | 4,5 : 1 |
| Fremri Laxá á Ásum | 16 | 106 | 6,63 | 6 | 5,1 | 3 | 9,7 | 7 | 338 | 15 | 2,0 : 1 |
| Blanda | 375 | 3262 | 8,70 | 173 | 4,7 | 202 | 12,1 | 0 | 4 | 8 | 0,9 : 1 |
| Svartá | 118 | 878 | 7,44 | 73 | 4,7 | 45 | 11,9 | 0 | 33 | 25 | 1,6 : 1 |
| Laxá á Refasveit | 96 | 915 | 9,53 | 29 | 4,4 | 67 | 11,8 | 0 | 0 | 1 | 0,4 : 1 |
| Hallá | 50 | 330 | 6,60 | 39 | 5,3 | 11 | 11,3 | 0 | 7 | 5 | 3,5 : 1 |
| Fossá í Skefilst.hr. | 24 | 203 | 8,46 | 12 | 4,9 | 12 | 12,0 | 0 | 0 | 3 | 1,0 : 1 |
| Laxá í Skefilst.hr. | 70 | 565 | 8,07 | 34 | 4,7 | 34 | 11,5 | 2 | 25 | 39 | 1,0 : 1 |
| Húseyjarkvísl | 113 | 1026 | 9,08 | 48 | 4,9 | 65 | 12,2 | 0 | 12 | 8 | 0,7 : 1 |
| Hrollleifsdalsá | 18 | 103 | 5,72 | 16 | 4,9 | 2 | 12,0 | 0 | 13 | 45 | 8,0 : 1 |
| Flókadalsá | 119 | 839 | 7,05 | 16 | 4,9 | 2 | 12,0 | 0 | 27 | 280 | 8,0 : 1 |
| Fljótaá | 323 | 2139 | 6,62 | 258 | 5,5 | 58 | 11,6 | 7 | 3 | 44 | 4,4 : 1 |
| Samtals Norðurland vestra | 5128 | 43555 | 8,5 | 2520 | | 2444 | | 61 | 760 | 959 | 1,0 : 1 |

Tafla 8. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga í ám á Norðurlandi eystra 1989. (Þyngd er í pundum, 1 pund = 500 grömm).

| Nafn ár | fjöldi laxa | þyngd laxa | heildar meðalþ. | fjöldi smálax | meðalþ. smálax | fjöldi stórlax | meðalþ. stórlax | fjöldi ánþyng | fjöldi urriða | fjöldi bleikja | hlutfall smálax/ stórlax |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Þorvaldsdalsá á Árs. | 36 | 195 | 5,42 | 29 | 5,3 | 1 | | 7 | 0 | 196 | 29,0 : 1 |
| Eyjafjarðará | 6 | 49 | 8,17 | 2 | 3,8 | 4 | 10,5 | 0 | 26 | 127 | 0,5 : 1 |
| Fnjóská | 112 | 1029 | 9,19 | 33 | 4,6 | 79 | 11,1 | 0 | 14 | 238 | 0,4 : 1 |
| Djúpá | 12 | 87 | 7,25 | 8 | 4,9 | 4 | 12,0 | 0 | 4 | 2 | 2,0 : 1 |
| Skjálfandafljót | 431 | 2852 | 6,62 | 309 | 4,6 | 118 | 11,8 | 4 | 150 | 561 | 2,6 : 1 |
| Laxá í Aðaldal | 1619 | 15548 | 9,60 | 733 | 5,4 | 884 | 13,1 | 2 | 1076 | 114 | 0,8 : 1 |
| Laxá í Laxárdal | 0 | 0 | 0,00 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 391 | 0 | |
| Laxá í Mývatnsveit | 0 | 0 | 0,00 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 3786 | 63 | |
| Reykjadalsá | 241 | 1829 | 7,59 | 129 | 4,9 | 112 | 10,7 | 0 | 0 | 1 | 1,2 : 1 |
| Mýrarkvísl | 239 | 1607 | 6,72 | 171 | 4,8 | 68 | 11,7 | 0 | 0 | 0 | 2,5 : 1 |
| Litluárvötn | 44 | 229 | 5,20 | 33 | 3,1 | 11 | 11,6 | 0 | 610 | 307 | 3,0 : 1 |
| Brunná | 2 | 10 | 5,00 | 2 | 4,8 | 0 | 0,0 | 0 | 86 | 83 | |
| Deildará | 145 | 853 | 5,88 | 116 | 4,6 | 29 | 10,8 | 0 | 6 | 6 | 4,0 : 1 |
| Ormarsá | 264 | 2050 | 7,77 | 143 | 4,5 | 121 | 11,6 | 0 | 21 | 141 | 1,2 : 1 |
| Svalbarðsá | 238 | 1772 | 7,45 | 136 | 4,6 | 102 | 11,2 | 0 | 0 | 0 | 1,3 : 1 |
| Sandá | 182 | 1928 | 10,59 | 59 | 4,8 | 123 | 13,3 | 0 | 1 | 5 | 0,5 : 1 |
| Hafralónsá | 313 | 2351 | 7,51 | 193 | 4,7 | 120 | 12,1 | 0 | 11 | 58 | 1,6 : 1 |
| Kverká | 25 | 199 | 7,96 | 13 | 5,0 | 12 | 11,2 | 0 | 0 | 11 | 1,1 : 1 |
| Hölkná | 105 | 748 | 7,12 | 64 | 4,8 | 41 | 10,8 | 0 | 0 | 6 | 1,6 : 1 |
| Samtals Norðurland eystra | 4014 | 33336 | 8,30 | 2173 | | 1829 | | 13 | 6182 | 1919 | 1,2 : 1 |

Tafla 9. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga í ám á Austurlandi 1989. (Þyngd er í pundum, 1 pund = 500 grömm).

| Nafn ár | fjöldi laxa | þyngd laxa | heildar meðalþ. | fjöldi smálax | meðalþ. smálax | fjöldi stórlax | meðalþ. stórlax | fjöldi ánþyng | fjöldi urriða | fjöldi bleikja | hlutfall smálax/ stórlax |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Miðfjarð- og Kverká | 235 | 1716 | 7,30 | 140 | | 94 | | | | | 1,5 : 1 |
| Selá í Vopnafirði | 895 | 6469 | 7,23 | 572 | 4,8 | 323 | 11,5 | 1 | 10 | 52 | 1,8 : 1 |
| Vesturdalsá | 226 | 1638 | 7,25 | 128 | 4,6 | 98 | 10,6 | 0 | 9 | 78 | 1,3 : 1 |
| Hofsá í Vopnafirði | 809 | 6077 | 7,51 | 477 | 4,5 | 323 | 12,0 | 0 | 53 | 143 | 1,5 : 1 |
| Sunnudalsá | 45 | 283 | 6,29 | 33 | 4,4 | 12 | 11,5 | 0 | 6 | 5 | 2,8 : 1 |
| Gilsá og Selfljót | 5 | 42 | 8,40 | 2 | 6,0 | 2 | 10,8 | 1 | 15 | 71 | 1,0 |
| Breiðdalsá | 104 | 681 | 6,55 | 70 | 4,8 | 32 | 10,3 | 2 | 15 | 70 | 2,2 : 1 |
| Samtals Austurland | 2319 | 16906 | 7,3 | 1422 | | 884 | | 4 | 108 | 419 | 1,6 : 1 |

Tafla 10. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga í ám á Suðurlandi 1989. (Þyngd er í pundum, 1 pund = 500 grömm).

| Nafn ár | fjöldi laxa | þyngd laxa | heildar meðalþ. | fjöldi smálax | meðalþ. smálax | fjöldi stórlax | meðalþ. stórlax | fjöldi ánþyng | fjöldi urriða | fjöldi bleikja | hlutfall smálax/ stórlax |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Geirlandsá | 47 | 273 | 5,81 | 41 | 4,9 | 6 | 11,9 | 0 | 356 | 48 | 6,8 : 1 |
| Skaftá | 2 | 15 | 7,50 | 1 | | 1 | | 0 | 483 | 12 | 1,0 : 1 |
| Grenlækur | 7 | 42 | 6,00 | 5 | 5,3 | 1 | | 1 | 894 | 42 | 5,0 : 1 |
| Jónskvísl | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 16 | 4 | |
| Eldvatn í Meðallandi | 14 | 74 | 5,29 | 13 | 5,0 | 1 | | 0 | 92 | 3 | 13,0 : 1 |
| Tungufljót | 9 | 59 | 6,50 | 7 | 4,9 | 2 | 12,0 | 0 | 148 | 28 | 3,5 : 1 |
| Kerl.dals- og Vatnsá | 78 | 456 | 5,85 | 65 | 5,0 | 12 | 10,2 | 1 | 37 | 9 | 5,4 : 1 |
| Heiðarvatn | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 215 | 106 | |
| Kálfá | 104 | 598 | 5,75 | 79 | 4,3 | 18 | 12,1 | 7 | 64 | 42 | 4,4 : 1 |
| Ölfusá | 680 | 4692 | 6,90 | 358 | 5,4 | 113 | 12,0 | 209 | 29 | 7 | 3,2 : 1 |
| Hvítá | 616 | 5242 | 8,51 | 338 | 5,3 | 234 | 13,2 | 44 | 77 | 35 | 1,4 : 1 |
| Hagaós og Brúará | 34 | 254 | 7,47 | 9 | 5,3 | 4 | 10,5 | 0 | 6 | 56 | 2,3 : 1 |
| Stóra Laxá | 188 | 1463 | 7,78 | 113 | 4,8 | 73 | 12,4 | 2 | 11 | 22 | 1,5 : 1 |
| Sogið | 325 | 2400 | 7,38 | 223 | 5,2 | 102 | 12,3 | 0 | 8 | 227 | 2,2 : 1 |
| Veiðifélag flóamanna | 8 | 44 | 5,50 | 6 | 4,9 | 1 | | 1 | 465 | 110 | 6,0 : 1 |
| Hlíðarvatn | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 201 | |
| Samtals Suðurland | 2112 | 15612 | 7,4 | 1258 | | 568 | | 265 | 2901 | 751 | 2,2 : 1 |

Tafla 11. Skipting stangveiddra laxa 1989, eftir sjávaraldri og landshlutum.

| Landshluti | fjöldi smálax | fjöldi stórlax |
|---|---|---|
| Reykjanes | 4333 | 679 |
| Vesturland | 8055 | 2650 |
| Vestfirðir | 429 | 289 |
| Norðurland vestra | 2520 | 2444 |
| Norðurland eystra | 2173 | 1829 |
| Austurland | 1422 | 884 |
| Suðurland | 1434 | 624 |
| samtals: | 20366 | 9399 |

Tafla 12. Þyngd laxa í ám með meðalveiði yfir 500 laxa á árunum 1986 - 1989. Reiknaður er hundraðshluti meðalþyngdar smá- og stórlax veiddum 1989 af meðaltali 1986 - 1988 (þyngd er í pundum, 1 pund = 500 grömm).

| Nafn<br>ár | 1989 | | 1988 | | 1987 | | 1986 | | Meðaltal<br>1986-1988 | | Munur meðalþunga laxa 1989<br>frá meðaltali 1986-1988 | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 ár | 2 ár | 1 ár | 2 ár | 1 ár | 2 ár | 1 ár | 2 ár | 1 ár | 2 ár | 1 ár | % | 2 ár | % |
| Elliðaár | 4.1 | 9.9 | 4.3 | 9.5 | 4.4 | 10.4 | 5.0 | 10.5 | 4.6 | 10.1 | -0.5 | 10.2 | -0.2 | 2.3 |
| Laxá í Kjós | 5.2 | 10.8 | 5.2 | 10.3 | 4.8 | 11.0 | 5.2 | 11.2 | 5.1 | 10.8 | 0.1 | 2.6 | -0.0 | 0.3 |
| Laxá í Leirársveit | 4.4 | 10.7 | 5.0 | 10.3 | 4.8 | 11.4 | 5.3 | 11.0 | 5.0 | 10.9 | -0.6 | 12.6 | -0.2 | 1.8 |
| Grímsá / Tunguá | 4.9 | 11.4 | 5.1 | 11.3 | 4.8 | 12.3 | 5.2 | 11.2 | 5.0 | 11.6 | -0.1 | 2.6 | -0.2 | 1.7 |
| Þverá / Kjarrá | 5.0 | 11.5 | 5.6 | 11.2 | 4.9 | 12.1 | 5.4 | 11.6 | 5.3 | 11.6 | -0.3 | 5.7 | -0.1 | 1.1 |
| Norðurá | 4.4 | 10.2 | 5.0 | 10.5 | 4.4 | 10.9 | 4.9 | 10.7 | 4.8 | 10.7 | -0.4 | 7.7 | -0.5 | 4.7 |
| Langá | 4.6 | 10.3 | 5.0 | 10.5 | 4.5 | 11.3 | 5.1 | 10.8 | 4.9 | 10.9 | -0.3 | 5.5 | -0.6 | 5.2 |
| Haffjarðará | 5.2 | 11.5 | 5.6 | 11.2 | 5.0 | 12.1 | 5.7 | 11.0 | 5.4 | 11.4 | -0.2 | 4.3 | 0.1 | 0.6 |
| Haukadalsá | 4.3 | 10.2 | 5.1 | 10.8 | 4.6 | 11.3 | 4.5 | 9.0 | 4.7 | 10.4 | -0.4 | 9.2 | -0.2 | 1.6 |
| Laxá í Dölum | 5.0 | 12.1 | 5.8 | 11.5 | 5.4 | 13.2 | 6.0 | 11.8 | 5.7 | 12.2 | -0.7 | 12.8 | -0.1 | 0.5 |
| Miðfjarðará | 5.2 | 11.1 | 5.3 | 11.2 | 4.8 | 11.9 | 5.2 | 11.6 | 5.1 | 11.6 | 0.1 | 2.0 | -0.5 | 4.0 |
| Víðidalsá / Fitjá | 5.3 | 12.7 | 5.8 | 13.2 | 5.3 | 14.1 | 5.6 | 12.8 | 5.6 | 13.4 | -0.3 | 4.8 | -0.7 | 5.0 |
| Vatnsdalsá | 5.3 | 13.4 | 5.7 | 13.4 | 5.3 | 14.4 | 5.4 | 13.2 | 5.5 | 13.7 | -0.2 | 3.0 | -0.3 | 2.0 |
| Laxá Ásum | 5.0 | 11.7 | 5.7 | 11.1 | 5.3 | 11.5 | 5.1 | 8.5 | 5.4 | 10.4 | -0.4 | 6.8 | 1.3 | 12.9 |
| Blanda | 4.7 | 12.1 | 5.4 | 12.5 | 5.2 | 13.1 | 5.4 | 12.1 | 5.3 | 12.6 | -0.6 | 11.9 | -0.5 | 3.7 |
| Laxá í Aðaldal | 5.4 | 13.1 | 5.9 | 13.2 | 5.4 | 14.0 | 5.6 | 13.6 | 5.6 | 13.6 | -0.2 | 4.1 | -0.5 | 3.7 |
| Selá í Vopnafirði | 4.8 | 11.5 | 5.1 | 11.8 | 5.0 | 12.3 | 5.3 | 12.1 | 5.1 | 12.1 | -0.3 | 6.5 | -0.6 | 4.7 |
| Hofsá | 4.5 | 12.0 | 5.2 | 12.8 | 5.4 | 12.9 | 5.5 | 12.8 | 5.4 | 12.8 | -0.9 | 16.1 | -0.8 | 6.5 |
| Ölfusá og Hvítá | 5.3 | 12.8 | 5.7 | 13.0 | 5.5 | 13.9 | 5.8 | 12.5 | 5.7 | 13.1 | -0.4 | 6.5 | -0.3 | 2.5 |
| Meðaltal | 4.9 | 11.5 | 5.3 | 11.5 | 5.0 | 12.3 | 5.3 | 11.5 | 5.2 | 11.8 | -0.3 | 6.6 | -0.3 | 2.1 |

**Tafla 13.** Fjöldi veiddra laxa valinna laxveiðiáa á árunum 1974 - 1989. Reiknuð meðalveiði, mesta veiði, minnsta veiði, staðalfrávik (STDEV) og breytileikastuðll (%STDEV,"coefficient of variation") tímabilsins.

| Nafn | 1974 | 1975 | 1976 | 1977 | 1978 | 1979 | 1980 | 1981 | 1982 | 1983 | 1984 | 1985 | 1986 | 1987 | 1988 | 1989 | MEDAL VEIDI | MAX | MIN | STDEV | %STDEV MEDAL |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Elliðaár | 2033 | 2071 | 1692 | 1328 | 1383 | 1336 | 938 | 1074 | 1219 | 1508 | 1331 | 1157 | 1083 | 1175 | 2006 | 1773 | 1444 | 2071 | 938 | 365,1 | 25,3 |
| Úlfarsá (Korpa) | 357 | 438 | 406 | 361 | 327 | 215 | 110 | 166 | 158 | 450 | 225 | 303 | 376 | 245 | 709 | 440 | 330 | 709 | 110 | 148,0 | 44,8 |
| Leirvogsá | 332 | 739 | 544 | 474 | 463 | 386 | 136 | 213 | 322 | 514 | 320 | 438 | 324 | 291 | 1057 | 458 | 438 | 1057 | 136 | 217,7 | 49,7 |
| Laxá í Kjós | 1270 | 1901 | 1973 | 1677 | 1648 | 1508 | 950 | 1290 | 927 | 1545 | 1273 | 871 | 1043 | 933 | 3422 | 1819 | 1503 | 3422 | 871 | 629,3 | 41,9 |
| Bugða | 158 | 269 | 410 | 263 | 136 | 125 | 212 | 260 | 232 | 450 | 461 | 283 | 201 | 230 | 389 | 314 | 275 | 461 | 125 | 105,6 | 38,5 |
| Brynjudalsá | 205 | 271 | 185 | 173 | 98 | | | 24 | 120 | 177 | 68 | 29 | 44 | 59 | 287 | 118 | 133 | 287 | 24 | 86,0 | 64,8 |
| Laxá í Leirársveit | 822 | 1654 | 1288 | 1154 | 1252 | 899 | 707 | 670 | 545 | 708 | 742 | 860 | 1610 | 914 | 1887 | 1186 | 1056 | 1887 | 545 | 396,9 | 37,6 |
| Andakílsá | 235 | 331 | 262 | 187 | 237 | 138 | 69 | 104 | 89 | 108 | 106 | 101 | 145 | 136 | 203 | 122 | 161 | 331 | 69 | 74,0 | 46,0 |
| Hvítá | 521 | 339 | 388 | 401 | 788 | 573 | 555 | 364 | 348 | 213 | 326 | 597 | 469 | 514 | 439 | 301 | 446 | 788 | 213 | 141,8 | 31,8 |
| Grímsá og Tunguá | 1419 | 2116 | 1439 | 1103 | 1952 | 1527 | 869 | 845 | 717 | 1382 | 1061 | 1463 | 1836 | 825 | 1963 | 1200 | 1357 | 2116 | 717 | 443,3 | 32,7 |
| Flókadalsá | 411 | 613 | 432 | 263 | 547 | 377 | 266 | 181 | 234 | 281 | 303 | 351 | 384 | 282 | 293 | 182 | 338 | 613 | 181 | 120,4 | 35,7 |
| Reykjadalsá | 275 | 156 | 185 | 112 | 120 | 105 | 56 | 80 | 100 | 91 | 58 | 42 | 69 | 42 | 33 | 75 | 100 | 275 | 33 | 62,5 | 62,5 |
| Þverá | 1748 | | 2330 | 2368 | 3132 | 3558 | 1938 | 1245 | 1616 | 1901 | 1082 | 1550 | 2127 | 1703 | 1567 | 1327 | 1946 | 3558 | 1082 | 681,1 | 35,0 |
| Norðurá | 1428 | 2132 | 1675 | 1470 | 2089 | 1995 | 1583 | 1185 | 1455 | 1643 | 856 | 1121 | 1523 | 1034 | 1359 | 867 | 1463 | 2132 | 856 | 394,3 | 26,9 |
| Gljúfurá | 150 | 522 | 356 | 400 | 461 | 286 | 130 | 101 | 184 | 225 | 110 | 138 | 280 | 73 | 181 | 133 | 233 | 522 | 73 | 137,4 | 59,0 |
| Langá | 1379 | 2131 | 1568 | 1720 | 2405 | 1893 | 1049 | 735 | 1090 | 960 | 610 | 1155 | 1765 | 1023 | 1409 | 748 | 1353 | 2405 | 610 | 524,2 | 38,8 |
| Urriðaá | | | | 84 | 112 | 202 | 102 | 65 | 151 | 162 | 142 | 103 | 55 | 16 | 105 | 63 | 105 | 202 | 16 | 50,4 | 48,1 |
| Álftá | 154 | 341 | 204 | 300 | 386 | 255 | 265 | 267 | 396 | 485 | 268 | 333 | 399 | 202 | 443 | 283 | 311 | 485 | 154 | 92,2 | 29,6 |
| Hítará | 383 | 525 | 351 | 346 | 649 | 314 | 167 | 252 | 202 | 201 | 151 | 203 | 506 | 273 | 428 | 225 | 324 | 649 | 151 | 144,1 | 44,6 |
| Haffjarðará | 613 | 559 | 595 | 624 | 950 | 701 | 494 | 465 | 562 | 625 | 549 | 562 | 1131 | 521 | 875 | 661 | 655 | 1131 | 465 | 180,6 | 27,6 |
| Straumfjarðará | 451 | 755 | 433 | 466 | 648 | 391 | 320 | 437 | 350 | 360 | 215 | 327 | 378 | 161 | 334 | 300 | 395 | 755 | 161 | 145,8 | 36,9 |
| Vatnsholtsós og vötn | | | | | 290 | 325 | 112 | 175 | 140 | 171 | 135 | 200 | 143 | | 183 | 126 | 182 | 325 | 112 | 67,9 | 37,4 |
| Fróðá | | 182 | 199 | 254 | 225 | 234 | 130 | 94 | 75 | 100 | | | 58 | 61 | 71 | 51 | 133 | 254 | 58 | 75,0 | 56,2 |
| Grísholtslá og Bakká | 60 | 55 | 75 | 70 | 125 | 61 | 24 | 48 | 37 | 64 | 60 | 27 | 38 | | 296 | | 74 | 296 | 24 | 68,5 | 92,2 |
| Setbergsá | | | | | 244 | 167 | 81 | 192 | 170 | 173 | 147 | 215 | 233 | 100 | | 134 | 169 | 244 | 81 | 51,6 | 30,6 |
| Laxá á Skógarströnd | 99 | 167 | 114 | 190 | 179 | 177 | 109 | 183 | 121 | 201 | 189 | 277 | 218 | 117 | 242 | 103 | 168 | 277 | 99 | 53,2 | 31,7 |
| Dunká | | | | 83 | 76 | 142 | 58 | 138 | 85 | 129 | 52 | 135 | 124 | 68 | 126 | 71 | 99 | 142 | 52 | 33,6 | 33,9 |
| Skrauma | 6 | 10 | | 22 | 23 | 18 | 10 | | | 32 | 16 | 16 | 23 | | | | 18 | 32 | 6 | 7,7 | 44,0 |

framhald

| Nafn | 1974 | 1975 | 1976 | 1977 | 1978 | 1979 | 1980 | 1981 | 1982 | 1983 | 1984 | 1985 | 1986 | 1987 | 1988 | 1989 | MEDAL VEIDI | MAX | MIN | STDEV | %STDEV MEDAL |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hörðudalsá | 74 | 55 | 55 | 51 | | | 51 | 55 | 27 | 87 | 50 | 79 | 43 | 18 | 116 | 78 | 60 | 116 | 18 | 25,2 | 42,0 |
| Miðá í Dölum | 117 | 245 | 121 | 146 | 135 | 203 | 85 | 182 | 132 | 161 | 128 | 46 | 101 | 35 | 200 | 118 | 135 | 245 | 35 | 55,6 | 41,3 |
| Haukadalsá | 810 | 914 | 904 | 862 | 926 | 630 | 408 | 814 | 598 | 886 | 633 | 499 | 817 | 650 | 1232 | 511 | 756 | 1232 | 408 | 208,9 | 27,6 |
| Laxá í Dölum | 341 | 547 | 488 | 419 | 533 | 630 | 324 | 671 | 650 | 947 | 903 | 1600 | 1907 | 1408 | 2385 | 1006 | 922 | 2385 | 324 | 603,6 | 65,4 |
| Fáskrúð | 202 | 298 | 136 | 242 | 226 | 261 | 140 | 190 | 154 | 214 | 165 | 257 | 449 | 381 | 464 | 203 | 249 | 464 | 136 | 102,2 | 41,1 |
| Kjallakstaðaá(Flekkudalsá) | 300 | 462 | 343 | 342 | 467 | 509 | 293 | 255 | 237 | 249 | 189 | 133 | 244 | 129 | 360 | 140 | 291 | 509 | 129 | 118,5 | 40,7 |
| Krossá á Skarðsströnd | 106 | 120 | 109 | 81 | 106 | 156 | 115 | 157 | 126 | 203 | 93 | 27 | 117 | 51 | 208 | 99 | 117 | 208 | 27 | 47,5 | 40,6 |
| Búðardalsá | 35 | | | | 100 | 120 | 131 | 71 | 54 | 71 | 32 | 51 | 55 | 56 | 82 | 81 | 72 | 131 | 32 | 30,3 | 42,0 |
| Hvolsá og Staðarhólsá | 126 | 136 | 185 | 163 | 180 | 90 | 18 | 140 | 111 | 100 | 144 | 137 | 323 | 101 | 768 | 163 | 180 | 768 | 18 | 168,9 | 93,7 |
| Fjarðarhornsá | | | | 8 | 0 | 38 | 8 | 18 | 34 | 60 | 31 | | 29 | 12 | 16 | 4 | 22 | 60 | 0 | 17,4 | 80,8 |
| Laugardalsá í Ísafj.djúpi | 309 | 601 | 245 | 681 | 703 | 596 | 276 | 288 | 250 | 181 | 125 | 421 | 386 | 190 | 501 | 280 | 377 | 703 | 125 | 185,6 | 49,2 |
| Ísafjarðará | 10 | 27 | | 52 | 29 | 25 | 12 | 12 | 9 | | 5 | 6 | 14 | 3 | 23 | 16 | 17 | 52 | 3 | 13,0 | 75,0 |
| Langadalsá | 78 | 172 | 170 | 189 | 203 | 277 | 206 | 111 | 101 | 98 | 31 | 54 | 112 | 67 | 95 | 130 | 131 | 277 | 31 | 66,1 | 50,5 |
| Hvannadalsá | 57 | | 56 | | 120 | 101 | 47 | 30 | 45 | 27 | 24 | 71 | | | 110 | 23 | 59 | 120 | 24 | 34,3 | 58,0 |
| Selá í Steingrímsfirði | 34 | 22 | | 27 | 17 | 17 | 23 | 6 | 7 | 0 | 7 | 44 | 22 | 18 | 60 | | 22 | 60 | 0 | 16,1 | 74,0 |
| Staðará í Steingrímsf. | 44 | 100 | 108 | 124 | 101 | 95 | 72 | 46 | 41 | 26 | 25 | 28 | 64 | 40 | 71 | 62 | 65 | 124 | 25 | 32,0 | 48,9 |
| Víðidalsá í Steingrímsf. | 182 | 49 | 54 | 61 | 93 | 104 | 98 | 34 | 54 | 12 | 16 | | 56 | | | | 68 | 182 | 12 | 46,5 | 68,6 |
| Hrófá | | 20 | | 22 | 56 | 37 | 48 | 41 | 29 | 14 | 21 | 54 | 62 | 23 | 85 | 41 | 40 | 85 | 14 | 20,0 | 50,6 |
| Krossá í Bitru | | | | 49 | 140 | 125 | 151 | 153 | 109 | 90 | 41 | 109 | 180 | 121 | 88 | 79 | 110 | 180 | 41 | 40,8 | 37,0 |
| Víkurá | 5 | 38 | 92 | 68 | 121 | 219 | 125 | 174 | 61 | 75 | 45 | 70 | 100 | 40 | 89 | 40 | 85 | 219 | 5 | 54,5 | 64,0 |
| Bakká | 44 | | | 66 | 93 | 105 | 21 | 40 | | 57 | 39 | 85 | 115 | 43 | 123 | | 69 | 123 | 21 | 33,9 | 49,0 |
| Laxá í Hrútafirði | 9 | 32 | 18 | 23 | 17 | 39 | 43 | 61 | 45 | 126 | 165 | 133 | 98 | 69 | 69 | 11 | 60 | 165 | 9 | 47,6 | 79,6 |
| Hrútafjarðará og Síká | 194 | 291 | 228 | 262 | 346 | 312 | 253 | 288 | 220 | 287 | 195 | 345 | 536 | 259 | 532 | 252 | 300 | 536 | 194 | 101,9 | 34,0 |
| Miðfjarðará | 837 | 1414 | 1601 | 2581 | 2337 | 2132 | 1714 | 1213 | 926 | 882 | 583 | 1059 | 1719 | 1073 | 2081 | 1175 | 1458 | 2581 | 583 | 591,4 | 40,6 |
| Tjarnará á Vatnsnesi | | | 34 | | 112 | 82 | 53 | 56 | 36 | 53 | 23 | 55 | 25 | 0 | | 40 | 47 | 112 | 0 | 29,0 | 61,2 |
| Víðidalsá og Fitjá | 1051 | 1140 | 1238 | 1792 | 1851 | 1948 | 1423 | 1392 | 1132 | 1082 | 625 | 713 | 1541 | 1563 | 2023 | 924 | 1340 | 2023 | 625 | 426,0 | 31,8 |
| Vatnsdalsá | 706 | 832 | 571 | 1203 | 1466 | 1413 | 1033 | 985 | 721 | 879 | 699 | 856 | 1582 | 1496 | 1243 | 660 | 1022 | 1582 | 571 | 335,1 | 32,8 |
| Laxá á Ásum | 1439 | 1881 | 1270 | 1439 | 1854 | 1650 | 956 | 1413 | 1036 | 1050 | 625 | 1440 | 1857 | 1157 | 1617 | 749 | 1340 | 1881 | 625 | 387,7 | 28,9 |
| Blanda | 1173 | 2363 | 1485 | 1367 | 2147 | 906 | 778 | 1412 | 861 | 511 | 495 | 766 | 1814 | 1243 | 1217 | 375 | 1182 | 2363 | 495 | 577,3 | 48,8 |
| Svartá | 420 | 232 | 96 | 46 | 295 | 469 | 444 | 125 | 73 | 147 | 132 | 330 | 391 | 462 | 275 | 118 | 253 | 469 | 46 | 151,2 | 59,6 |
| Laxá á Refasveit | 79 | 58 | 41 | 71 | 94 | 146 | 153 | 71 | 39 | 57 | 70 | 111 | 144 | 132 | 140 | 96 | 94 | 153 | 39 | 39,1 | 41,6 |
| Hallá | | | | 171 | 185 | 197 | 138 | 96 | 57 | 111 | 86 | 109 | 55 | 62 | 62 | 50 | 106 | 197 | 55 | 51,9 | 48,9 |
| Fossá í Skefilsst.hr | 5 | 6 | | 34 | 62 | 98 | 94 | 26 | 14 | 25 | 8 | 22 | 32 | 20 | 22 | 24 | 33 | 98 | 5 | 29,1 | 88,9 |
| Laxá í Skefilst.hr | 120 | 134 | 73 | 140 | 200 | 220 | 245 | 161 | 113 | 93 | 74 | 134 | 138 | 176 | 137 | 70 | 139 | 245 | 73 | 51,6 | 37,0 |
| Sæmundará | 115 | 116 | 160 | 212 | 303 | 112 | 70 | 52 | 29 | 75 | | 139 | 94 | | | | 123 | 303 | 29 | 75,1 | 61,0 |
| Húseyjarkvísl | 112 | 118 | 141 | 158 | 194 | 84 | 107 | 52 | 54 | 90 | 77 | 105 | 104 | 101 | 73 | 113 | 105 | 194 | 52 | 36,7 | 34,9 |

framhald

| Nafn | 1974 | 1975 | 1976 | 1977 | 1978 | 1979 | 1980 | 1981 | 1982 | 1983 | 1984 | 1985 | 1986 | 1987 | 1988 | 1989 | MEÐAL VEIÐI | MAX | MIN | STDEV | %STDEV MEÐAL |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hofsá í Vesturdal | 23 | 2 | | 15 | | 12 | 16 | 10 | 23 | | | | | | | | 14 | 23 | 2 | 7,4 | 51,4 |
| Kolka | | | | | | 12 | 12 | 11 | 7 | | | 24 | | | | | 13 | 24 | 7 | 6,4 | 48,3 |
| Hrolleifsdalsá | | 24 | 28 | 41 | 41 | 65 | 17 | 4 | 4 | 7 | 4 | 25 | 15 | 24 | 10 | 18 | 22 | 65 | 4 | 17,0 | 78,1 |
| Flókadalsá í Fljótum | | | | | 71 | 40 | 22 | 54 | 2 | 10 | | 22 | 68 | 38 | 64 | 119 | 46 | 119 | 2 | 33,6 | 72,5 |
| Fljótaá | 204 | 189 | 173 | 269 | 316 | 199 | 165 | 125 | 71 | 60 | 68 | 83 | 150 | 112 | 93 | 323 | 163 | 323 | 60 | 84,7 | 52,1 |
| Eyjafjarðará | | | | | | 27 | 71 | 21 | 14 | 7 | 11 | 11 | 13 | 13 | 10 | 6 | 19 | 71 | 7 | 18,4 | 99,3 |
| Fnjóská | 386 | 268 | 250 | 273 | 554 | 446 | 527 | 257 | 323 | 98 | 107 | 120 | 144 | 93 | 124 | 112 | 255 | 554 | 93 | 155,6 | 61,0 |
| Skjálfandafljót | | 67 | 412 | 288 | 336 | 317 | 426 | 108 | 169 | 100 | 165 | 679 | 721 | 503 | 379 | 431 | 340 | 721 | 67 | 199,7 | 58,7 |
| Laxá í Aðaldal | 1817 | 2326 | 1777 | 2699 | 3063 | 2372 | 2324 | 1455 | 1304 | 1109 | 1256 | 1911 | 2730 | 2422 | 2255 | 1619 | 2027 | 3063 | 1109 | 582,9 | 28,8 |
| Reykjadalsá og Eyvindarl. | 337 | 264 | 133 | 593 | 657 | 492 | 321 | 271 | 114 | 210 | 155 | 344 | 373 | 241 | 435 | 241 | 324 | 657 | 114 | 156,9 | 48,4 |
| Mýrarkvísl | 210 | 201 | 121 | 181 | 221 | 197 | 169 | 242 | 179 | 248 | 215 | 388 | 490 | 252 | 287 | 239 | 240 | 490 | 121 | 88,9 | 37,0 |
| Ormarsá á Sléttu | 123 | 117 | 147 | 275 | 286 | 119 | 124 | 54 | 45 | 87 | 73 | 203 | 350 | 275 | 278 | 264 | 176 | 350 | 45 | 98,2 | 55,7 |
| Deildará | 158 | 189 | 168 | 224 | 357 | 164 | 111 | 93 | 27 | 55 | 69 | 234 | 253 | 178 | 173 | 145 | 162 | 357 | 27 | 82,7 | 50,9 |
| Svalbarðsá | 234 | 172 | 155 | 240 | 257 | 158 | 167 | 51 | 36 | 41 | 29 | 161 | 171 | 176 | 198 | 238 | 155 | 257 | 29 | 76,4 | 49,2 |
| Sandá | 288 | 238 | 315 | 474 | 418 | 411 | 380 | 138 | 53 | 47 | 35 | 257 | 340 | 403 | 290 | 182 | 267 | 474 | 35 | 141,2 | 52,9 |
| Hölkná | 135 | 118 | 92 | 219 | 130 | 66 | 73 | 26 | 26 | 25 | 11 | 109 | 121 | 131 | 144 | 105 | 96 | 219 | 11 | 55,5 | 58,0 |
| Hafralónsá | 343 | 302 | 227 | 312 | 276 | 264 | 180 | 36 | 60 | 52 | 25 | 132 | 223 | 296 | 361 | 313 | 213 | 361 | 25 | 116,6 | 54,8 |
| Miðfjarðará við Bakkafj. | 147 | 144 | 183 | 248 | 242 | 135 | 80 | 39 | 15 | 39 | 32 | 116 | 168 | 206 | 186 | 235 | 138 | 248 | 15 | 78,4 | 56,6 |
| Selá í Vopnafirði | 589 | 711 | 845 | 1463 | 1394 | 767 | 637 | 192 | 168 | 229 | 123 | 627 | 1258 | 1523 | 1102 | 895 | 783 | 1523 | 123 | 468,0 | 59,8 |
| Vesturdalsá | 391 | 329 | 326 | 513 | 498 | 268 | 141 | 42 | 34 | 61 | 47 | 280 | 197 | 380 | 231 | 226 | 248 | 513 | 34 | 155,6 | 62,8 |
| Hofsá | 1277 | 1117 | 1253 | 1273 | 1336 | 599 | 615 | 145 | 141 | 258 | 185 | 1219 | 1631 | 1710 | 1210 | 809 | 924 | 1710 | 141 | 533,7 | 57,8 |
| Selfljót | | | | 77 | 32 | 19 | 7 | | 6 | 15 | 16 | 65 | 70 | 32 | 12 | 5 | 30 | 77 | 6 | 26,3 | 88,8 |
| Fjarðará í Borgarf.eystri | | | | 44 | 27 | 13 | 5 | 1 | | | | | | | | | 18 | 44 | 1 | 17,6 | 97,8 |
| Breiðdalsá | 126 | 123 | 76 | 248 | 412 | 248 | 153 | 41 | 20 | 21 | 4 | 78 | 158 | 257 | 185 | 104 | 141 | 412 | 4 | 109,6 | 77,8 |
| Geirlandsá í V-Skaft. | 56 | 162 | 59 | 99 | 91 | 88 | 65 | 59 | 42 | 51 | 46 | 49 | 26 | 32 | 62 | 47 | 65 | 162 | 26 | 32,9 | 50,9 |
| Eldvatn | 24 | 51 | 13 | 43 | 33 | 45 | 12 | 17 | 11 | 17 | 3 | 9 | 11 | 11 | 37 | 14 | 22 | 51 | 3 | 14,9 | 68,1 |
| Tungufljót | | | 14 | 34 | 43 | 74 | 46 | 16 | 20 | 36 | 28 | 23 | 36 | 20 | 25 | 9 | 30 | 74 | 14 | 16,7 | 55,1 |
| Kerlingadalsá og Vatnsá | | | | | 28 | 33 | 16 | 57 | 48 | 90 | 49 | 47 | | | 144 | 78 | 59 | 144 | 16 | 37,1 | 62,9 |
| Rangárnar | | | 95 | 46 | 82 | 98 | 65 | 80 | 65 | 22 | 10 | 17 | 76 | | | | 60 | 98 | 10 | 31,4 | 52,6 |
| Stóralaxá í Hreppum | 157 | 340 | 293 | 266 | 571 | 272 | 76 | 242 | 218 | 481 | 707 | 183 | 166 | 113 | 115 | 188 | 274 | 707 | 76 | 174,9 | 63,8 |
| Brúará | 88 | 84 | 57 | 49 | 64 | 49 | 19 | 57 | 32 | 63 | 92 | 48 | 58 | 76 | 37 | 34 | 57 | 92 | 19 | 20,9 | 36,9 |
| Sogið | | 593 | 589 | 537 | 620 | 439 | 223 | 329 | 343 | 248 | 361 | 424 | 497 | 490 | 714 | 325 | 449 | 714 | 223 | 144,5 | 32,2 |
| Hvítá í Árnessýslu | | | 1159 | | 1169 | 1028 | 299 | 762 | 634 | 846 | 941 | 550 | 990 | 965 | 788 | 680 | 832 | 1169 | 299 | 249,4 | 30,0 |
| Ölfusá | | | 549 | | 825 | 503 | 6 | 102 | 368 | 237 | 381 | 254 | 405 | 393 | 535 | 616 | 398 | 825 | 6 | 226,7 | 56,0 |
| Kálfá í Gnúpverjahr. | | | 69 | 42 | 4 | 4 | 8 | 10 | | | 19 | | 11 | 15 | 66 | 104 | 32 | 104 | 4 | 33,7 | 105,2 |
| Vatnasv. Baugsstaðaóss | | | | | | | | | 59 | 20 | 20 | 9 | 14 | 11 | 21 | 8 | 20 | 59 | 9 | 16,5 | 81,4 |
| HEILDAR VEIÐI | 30756 | 38831 | 36704 | 40130 | 51211 | 42097 | 29174 | 26891 | 24511 | 28775 | 22747 | 31646 | 43845 | 33588 | 47445 | 29543 | 34868 | 51211 | 22747 | 8364,7 | 24,0 |